

Kjarasamningur

milli

Starfsgreinasambands Íslands

og

Bændasamtaka Íslands

um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum

Gildistími 1. júní 2011 til 31. janúar 2014

Við samþykkt sammings þessa greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000 hverjum starfsmanni í fullu starfi, sem er við störf í maí 2011 og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí 2011. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við stafshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. október 2011.

Samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum skv. 1. gr. sammingsins.

1. gr. Samningssvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum, sjá fylgiskjal I. Auk þess falla ráðskonur/matráðar á bændabýlum undir samninginn. Samningurinn nær ekki til þeirra starfsmanna sem starfa við ferðaþjónustu eða aðra starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Starfsmenn, sem starfa við ferðaþjónustu í smærri stíl, geta þó fallið undir gildissvið sammingsins enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambands Íslands vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi skal gilda fyrir ferðaþjónustubændur sem undirritaður var þann 5. maí 2011.

2. gr. Launakjör

Laun skulu miðast við 10. launaflokk í launatöflu Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var þann 5. maí 2011.

Þá skulu starfsmenn sem lokið hafa búfræðinámi, fiskeldisnámi eða tveggja ára háskólanámi við tanningar raðast í launaflokk 17.

Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein. Við röðun í launatöflu skal starfsaldur í greininni jafnframt metinn til hækkunar í launatöflu.

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
Launaflokkur 10	184.711	186.500	188.316	190.159	192.030
Dagvinna	1065,66	1075,98	1086,46	1097,09	1107,89
Yfirvinna	1918,22	1936,80	1955,66	1974,80	1994,23
Stórhátíðarkaup	2539,78	2564,38	2589,35	2614,69	2640,41

Laun þessi miðast við að unnið sé í dagvinnu.

Virkur vinnutími í dagvinnu á viku skal vera 37 klst. og 5 mín. og skal vinnutíma hagað sem hér segir:

- a) kl. 07:55 – 17:00 mánudaga til föstudaga.
- b) kl. 07:30 – 16:35 mánudaga til föstudaga.

Samningsbundin yfirvinna hefst þegar lokið er umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum á ofangreindu tímabili. Fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundnum frídögum greiðist yfirvinnukaup. Vinna umfram 173,33 dagvinnustundir á mánuði skal greidd með yfirvinnukaupi. Sé unnið á dögum sem skilgreindir eru sem stórhátíðardagar í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins skal greiða starfsmönnum stórhátíðarkaup.

Heimilt er að haga dagvinnutíma með öðrum hætti, sbr. 5. kafla um fyrirtækjapátt kjarasamninga í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins ef vinnuveitandi og starfsmenn koma sér saman um það. Þó skal dagvinna hvers starfsmanns unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum og aldrei hefjast fyrir en kl. 07:00.

Í sértökum tilvikum er heimilt að semja um rofinn vinnutíma ef skipulag búreksturs krefst slíks, sbr. 2. mgr. 12. gr. Sé það gert skal dagvinna ekki hefjast fyrir en kl. 07:00 og eigi standa lengur en til kl. 19:00. Dagvinna getur þó ekki staðið lengur en 7 klst. og 25 mín. (virkar vinnustundir) á þessu tímabili.

Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema að undangenginni uppsögn eða með samkomulagi.

Aldursþrep ungmenna undir 18 ára miðast við fæðingarár.

Grunnlaun unglunga skulu vera sem hér segir:

- 17 ára kr. 175.475 á mánuði, eða 95% af byrjunarlaunum.
- 16 ára kr. 166.239 á mánuði, eða 90% af byrjunarlaunum.
- 15 ára kr. 138.533 á mánuði, eða 75% af byrjunarlaunum.
- 14 ára kr. 120.062 á mánuði, eða 65% af byrjunarlaunum.

3. gr. Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár er:

- Á árinu 2011 kr. 48.800. Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót kr. 15.000.
- Á árinu 2012 kr. 50.500.
- Á árinu 2013 kr. 52.100.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900. Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót kr. 10.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði.

Á árinu 2011 kr. 42,06 á klukkustund.

Á árinu 2012 kr. 43,50 á klukkustund.

Á árinu 2013 kr. 44,88 á klukkustund.

Við starfslok skal gera upp áunna desember- og orlofsuppbót starfsmanns.

Um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta vísar að öðru leyti til kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

4. gr. Launahækkunir

Laun skulu hækka með sambærilegum hætti og kveðið er á um í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þann 1. febrúar 2012 hækkar launataflan um kr. 11.000 og aftur 1. febrúar 2013 um kr. 11.000. Sjá fylgiskjal III.

Að öðru leyti vísast í ákvæði í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um launaþróunartryggingu og launabreytingar.

5. gr. Orlof

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar miðað við fullt starf allt árið. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

Starfsmaður, sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein, skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk, sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki, 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun.

Um orlof vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var þann 5. maí 2011.

6. gr. Bústjóri/Staðgengilsstörf

Sé starfsmanni falin ábyrgð á búrekstri skal samið við hann sérstaklega um kaup og kjör.

Leysi starfsmaður yfirmann af tímabundið skal samið um þóknun fyrir aukna ábyrgð. Hér er t.d. átt við afleysingar, s.s. vegna sumarleyfa eða veikinda yfirmanna.

7. gr. Vinna unglunga á vinnuvélum og tækjum

Vinnuveitandi ábyrgist að fela unglungi einungis störf sem hann hefur aldur, færni og réttindi til að leysa af hendi. Hann skal gera unglingnum ljósa grein fyrir slysa- og sjúkdómahættu sem kann að fylgja starfinu og sjá um að starfsmaður fái nauðsynlega leiðsögn og þjálfun í að vinna störf sín á þann hátt að honum starfi ekki hætta af.

Unglingar skulu hafa sótt námskeið í meðferð og stjórnun þeirra vinnuvéla sem þeim er falið að vinna á. Um vinnu barna og unglunga gildir reglugerð nr. 426/1999.

8. gr. Frídagar

Starfsmaður á rétt á 8 frídögum á mánuði, þar af a.m.k. tvívegis um helgi. Að öðru leyti vísast í lög og reglur um vinnu og hvíldartíma starfsmanna.

9. gr. Fæði og húsnæði

Að jafnaði skulu starfsmenn búa í eins manns herbergjum. Herbergi skulu vera nægilega rúmgóð og læsanleg með góðri loftræstingu og vel upphituð. Í hverju herbergi skal, auk almenns búnaðar, vera lesljós yfir svefnstæði og myrkvunargluggatjöld. Hver starfsmaður skal hafa læsta geymslu fyrir föt og aðra persónulega muni, aðgang að bað- og hreinlætisaðstöðu, hlífðarfatageymslu og aðstöðu til þurrkunar á vinnufatnaði. Húsnæði skal hafa hlotið samþykki byggingarnefndar sem íbúðarhúsnæði.

Húsnæði skal vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast og starfa hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af, sbr. og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og rgl. nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Hafi starfsmaður fæði, húsnæði og þjónustu á viðkomandi búi, skal samið um endurgjald í ráðningarsamningi og dregst sá kostnaður frá útborguðum launum. Sömu reglur gilda ef starfsmaður/ráðskona er með barn/börn á sínum vegum á viðkomandi búi, 12 ára og yngri.

Hámarksendurgjald fyrir þessa þjónustu skal koma fram í útgefnum kaupþöxtum á hverjum tíma, sjá fylgiskjal II.

10. gr. Starfsmenntun

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að auka starfsmenntun þeirra sem falla undir samninginn. Hvor aðili um sig skal skipa tvo menn í nefnd sem ætlað verði að framfylgja þessu ákvæði. Atvinnurekandi skal greiða 0,2% af launum starfsmanna í starfsmenntagjald til Landsmenntar, fræðslusjóðs verkafólks og atvinnurekenda á landsbyggðinni.

11. gr. Aðbúnaður og öryggi á vinnustað

Vinnuveitandi skal leggja starfsmönnum til vinnufatnað og skófatnað eftir þörfum og eðli vinnunnar.

Um öryggisbúnað, aðbúnað og hollustuhætti er að öðru leyti vísað til 7. kafla aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerða og reglna sem af þeim leiða.

12. gr. Ráðningarsamningur

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við alla starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt samningi þessum, innan mánaðar frá ráðningu, enda standi ráðning þeirra lengur en einn mánuð. Breytingar á ráðningarkjörum skal staðfesta með sama hætti.

Í ráðningarsamningi skal koma fram ef sérstaklega er samið um vinnutíma, sbr. 2. gr. Þannig skal í ráðningarsamningi tilgreint og útfært sérstaklega ef um hlutavinnu er að ræða eða ef skipulag búreksturs krefst þess að samið sé um rofinn vinnutíma. Orlofs- og

desemberuppbót skal greidd í samræmi við starfshlutfall starfsmanns. Sé samið um rofinn vinnutíma skerðir það ekki rétt til orlofs- og desemberuppbótar.

Um innihald ráðningarsamninga vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

13. gr. Endurhæfingarsjóður

Atvinnurekandi skuldbindur sig til að greiða sérstakt 0,13% launtengt gjald, Endurhæfingargjald, á sama stofn og iðgjald til lífeyrissjóða, frá 1. júní 2008. Að öðru leyti vísast til yfirlýsingar SA og ASÍ um Endurhæfingarsjóð frá 17. febrúar 2008.

14. gr. Um ágreining

Verði ágreiningur um mál, sem rísa af samningi þessum, skal honum vísað til lausnar hjá Bændasamtökum Íslands og Starfsgreinasambands Íslands.

15. gr. Önnur atriði

Ákvæði aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var þann 5. maí 2011 skal gilda um réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsmanna að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum.

16. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2011 til 31. janúar 2014 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

Reykjavík 12. september 2011

Fh. Starfsgreinasambands Íslands

Fh. Bændasamtaka Íslands

Fylgiskjal I

Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Fylgiskjal II

Aðilar framangreinds samnings eru sammála um að hámarksgreiðsla fyrir fæði og húsnæði skuli á samningstímabilinu vera sem hér segir:

	Fæði	Húsnæði	Samtals
18 ára og eldri	1.280 kr/dag	760 kr/dag	2.040 kr/dag
16 – 17 ára	996 kr/dag	585 kr/dag	1.581 kr/dag
15 ára	846 kr/dag	496 kr/dag	1.343 kr/dag
14 ára	796 kr/dag	467 kr/dag	1.263 kr/dag

Fjárhæðir þessar skiptast þannig:

Fæði: 63%

Húsnæði: 37%

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0 – 13 ára:

Eitt barn	Fæði og húsnæði	712 kr./dag
Tvö börn	Fæði og húsnæði	1.167 kr./dag
Þrjú börn	Fæði og húsnæði	1.609 kr./dag

Fylgiskjal III

Launaflokkur 10

Dagvinnulaun

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	95%	90%	75%	65%
						17 ára	16 ára	15 ára	14 ára
2011	1.065,66	1.075,98	1.086,46	1.097,09	1.107,89	1.012,38	959,09	799,25	692,68
2012	1.129,12	1.139,44	1.149,92	1.160,56	1.171,35	1.072,67	1.016,21	846,84	733,93
2013	1.192,59	1.202,91	1.213,38	1.224,02	1.234,81	1.132,96	1.073,33	894,44	775,18

Yfirvinnulaun

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	17 ára	16 ára	15 ára	14 ára
						2011	1.918,22	1.936,80	1.955,66
2012	2.032,46	2.051,04	2.069,90	2.089,04	2.108,47	1.930,84	1.829,21	1.524,34	1.321,10
2013	2.146,69	2.165,27	2.184,13	2.203,27	2.222,70	2.039,36	1.932,02	1.610,02	1.395,35

Mánaðarlaun

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	17 ára	16 ára	15 ára	14 ára
						2011	184.711	186.500	188.316
2012	195.711	197.500	199.316	201.159	203.030	185.925	176.140	146.783	127.212
2013	206.711	208.500	210.316	212.159	214.030	196.375	186.040	155.033	134.362

Launaflokkur 17

Dagvinnulaun

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
2011	1.141,25	1.152,70	1.164,33	1.176,13	1.188,12
2012	1.204,71	1.216,17	1.227,80	1.239,59	1.251,58
2013	1.268,17	1.279,63	1.291,26	1.303,06	1.315,04

Yfirvinnulaun

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
2011	2.054,28	2.074,90	2.095,84	2.117,08	2.138,65
2012	2.168,51	2.189,14	2.210,07	2.231,31	2.252,88
2013	2.282,75	2.303,37	2.324,31	2.345,55	2.367,12

Mánaðarlaun

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
2011	197.812	199.798	201.814	203.859	205.936
2012	208.812	210.798	212.814	214.859	216.936
2013	219.812	221.798	223.814	225.859	227.936

Bókun

Samningsaðilar eru sammála um að setja á laggirnar fjögurra manna nefnd um fræðslumál starfsmanna í landbúnaði. Bændasamtök Íslands skulu tilnefna tvo fulltrúa og Starfsgreinasamband Íslands og Framsýn/VA/VÞ tvo fulltrúa þar sem einn fulltrúi komi frá hvorum aðila. sbr. 10. gr. kjarasamnings SGS og BÍ.

Nefndinni er ætlað að skoða framboð á námskeiðum fyrir landbúnaðarverkamenn og koma með tillögur um úrbætur telji nefndin ástæðu til þess. Þá skal nefndin einnig ræða hvort meta eigi samþykkt námskeið til launahækkana.

Samningsaðilar skulu tilnefna fulltrúa í nefndina fyrir 1. nóvember 2011.